

# REGLUR UM LYKILSTARFSMENN OG MAT Á HÆFI

## 1. MARKMIÐ

Arion banki hf. leggur ríka áherslu á að allt starfsfólk búi yfir fullnægjandi færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að inna af hendi þau verkefni sem þeim eru falin, og að starfsfólki sé kunnugt um þær reglur og verkferla sem fylgja skal.

Markmið reglna þessara er að draga úr rekstrar- og orðsporsáhættu bankans, með lágmarkskröfum um hæfi tiltekinna lykilstarfsmanna og framkvæmdastjóra, en eðli máls samkvæmt eru gerðar strangari kröfur til þeirra en annarra starfsmanna.

Reglurnar eru settar á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010, um hæfi lykilstarfsmanna.

## 2. LYKILSTARFSMENN ARION BANKA

Samkvæmt 8. tölul. 1. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki er lykilstarfsmaður skilgreindur sem einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en bankastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.

Að mati stjórnar Arion banka teljast eftirtaldir aðilar ávallt til lykilstarfsmanna:

- Fjármálastjóri,
- Framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs,
- Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs.

Athugið! Hugtakið lykilstarfsmaður er skilgreint þröngt í lögum um fjármálafyrirtæki. Að mati Arion banka eru mun fleiri starfsmenn sem gegna lykilhlutverki í framtíðarþróun bankans, og gerir bankinn strangar hæfiskröfur til þessara starfsmanna, jafnvel þótt þeir falli utan gildissviðs þessara reglna.

Í vafatilvikum sker stjórn úr um hvort starfsmaður eigi að teljast lykilstarfsmaður eða ekki.

## 3. SÉRSTAÐA LYKILSTARFSMANNA

Auk reglna þessara, gilda eftirfarandi sérreglur um lykilstarfsmenn:

- Takmarkanir á fyrirgreiðslum til lykilstarfsmanna og aðila í nánnum tengslum við þá, sbr. reglur nr. 162/2011.
- Reglur stjórnar um viðskipti við bankastjóra og lykilstarfsmenn.
- Takmarkanir varðandi starfslokasamninga, sbr. 57. gr. b. laga um fjármálafyrirtæki,
- Í ársreikningi skal tilgreina fjölda lykilstarfsmanna, auk upplýsinga um heildargreiðslur og hlunnindi þeirra, sbr. 3. mgr. 87. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

## 4. SKRÁNING LYKILSTARFSMANNA

Starfsmannastjóri skal halda skrá yfir lykilstarfsmenn. Í skránni skal koma fram hvaða stöðu viðkomandi gegnir og hvers vegna hann teljist til lykilstarfsmanna.

Starfsmannastjóri skal enn fremur halda utan um þau gögn sem aflað er vegna hæfismats lykilstarfsmanna og framkvæmdastjóra, þ. á m. innra mat bankans á hæfi viðkomandi.

## 5. HÆFISSKILYRÐI

Lykilstarfsmenn og framkvæmdarstjórar skulu ætíð uppfylla eftirtalin hæfisskilyrði:



- Búa yfir fullnægjandi færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að inna af hendi þau verkefni sem viðkomandi eru falin.
- Hafa óflekkað mannorð, vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæður og ekki verið úrskurðaður gjaldþrota á síðustu fimm árum. Þá má viðkomandi ekki hafa hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur, eða sýnt af sér aðra háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa góða viðskiptahætti eða siðferði.

Framkvæmdastjórar sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga, skulu hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum, sbr. 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Verði breytingar á högum eða stöðu lykilstarfsmanns/framkvæmdarstjóra, sem kunna að hafa áhrif á hæfi viðkomandi, ber honum/henni skylda til að tilkynna tafarlaust um slíkt til starfsmannastjóra.

Starfsmaður skal ekki talinn hæfur til að gegna stöðu lykilstarfsmanns/framkvæmdarstjóra og skal ekki hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu bankans, ef vafi leikur á því hvort viðkomandi uppfylli framangreind skilyrði.

## 6. MAT Á HÆFI

Starfsmannastjóri metur hæfi lykilstarfsmanna og framkvæmdarstjóra.

Lykilstarfsmanni/framkvæmdarstjóra er skylt að veita allar upplýsingar, sem bankinn metur nauðsynlegar til að framkvæma hæfismat.

Við mat á því hvort umsækjandi um stöðu lykilstarfsmanns/framkvæmdarstjóra uppfylli hæfisskilyrði 4. gr. reglna þessara skal fara fram bæði huglægt og hlutlægt mat á viðkomandi. Mat þetta skal framkvæmt áður en til ráðningar kemur, að undanskildu sérstöku hæfisprófi regluvarðar. Ef umsækjandi hefur áður sætt hæfismati hjá bankanum eða Fjármálaeftirlitinu má taka tillit til þess.

Við mat á hæfi skal a.m.k. eftirfarandi gert:

- Starfsmaður skal leggja fram ferilskrá, þar sem fram kemur menntun og starfsreynsla, auk meðmæla.
- Viðtöl skulu tekin við umsækjanda.
- Haft skal samband við meðmælendur.
- Umsækjandi skal leggja fram sakarvottorð.
- Umsækjandi skal svara sérstökum spurningarlista, er varðar fyrri reynslu og orðspor.

Þessu til viðbótar, skal kanna þekkingu og skilning umsækjanda á viðeigandi lögum og reglum fjármálamarkaðarins. Þetta er gert með sérstöku hæfisprófi sem byggir á fyrirfram uppgefnum umræðuefnum. Regluvörður ákveður hvaða efnisatriði skuli lögð til grundvallar hverju sinni, og velur umræðuefni. Prófundur eru regluvörður bankans og utanaðkomandi prófdómari, auk þess sem regluvörður getur kallað til fleiri prófundur ef þörf krefur. Hæfispróf skal framkvæma eins fljótt og mögulegt er eftir að lykilstarfsmaður/framkvæmdarstjóri hefur störf, og er fastráðning lykilstarfsmanns ávallt háð því skilyrði að hann hafi staðist slíkt próf.

Þekking starfsmanna á innri reglum bankans er að auki könnuð reglulega, m.a. með netprófum. Skulu lykilstarfsmenn og framkvæmdastjórar taka virkan þátt í slíkum prófunum.

## 7. GILDISTAKA O.FL.

Reglur þessar taka gildi við birtingu.

Reglur þessar skulu birtar á innra neti og heimasíðu bankans.

Samþykkt í maí 2016